

Helstu nýmæli frumvarps til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga.

Nýlega var dreift á Alþingi frumvarpi félags- og tryggingamálaráðherra, um breytingu á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, og lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES.

Árið 2004 gerðust Eistland, Lettland, Litháen, Kýpur, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og frá og með 1. maí 2006 var ríkisborgurum þessara 10 landa veitt heimild til frjálar atvinnuleitar á Íslandi. Njóta þeir því þeirra réttinda að ráða sig til starfa á Íslandi með sama forgangsrétti og Íslendingar. Þann 1. ágúst 2007 gerðust Búlgaría og Rúmenía einnig aðilar að EES. Talsverð aukning hefur verið á flæði vinnuafls til Íslands eins og tölur sýna. Á árinu 2005 voru 2.765 launamenn frá þessum aðildarríkjum ráðnir til starfa hjá atvinnurekendum á innlendum vinnumarkaði en á tímabilinu janúar til og með apríl 2006 var um að ræða 2.104 launamenn. Þessi þróun hefur haldið áfram en frá 1. maí 2006 til 31. október 2007 hafa 9.977 tilkynningar borist til Vinnumálastofnunar um ráðningar ríkisborgara frá þessum aðildarríkjum sem eru nýir á íslenskum vinnumarkaði. Flestir þessara launamanna voru ráðnir í það sem kallast ósérhæfð störf hér á landi.

Hér á eftir verður frumvarpið kynnt í stuttu máli og farið yfir markmið þess og helstu nýmæli.

Markmið

Í frumvarpinu kemur fram að það sé lagt fram m.a. til innleiðingar á tilskipun nr. 2004/38/EB, um rétt ríkisborgara ríkja Evrópusambandsins og fjölskyldna þeirra til frjálsrar farar og dvalar innan svæðisins. Þá segir í frumvarpinu að mikilvægt sé að viðhalda jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir starfsfólki á innlendum vinnumarkaði. Í þeim tilgangi að samræma þessi markmið var talið nauðsynlegt að löggjöfin um atvinnuréttindi útlendinga sé gerð skýrari og gagnsærri en verið hefur, framkvæmdina skilvirkari og tryggja virkara eftirlit með framkvæmd laganna.

Afgreiðslu tímabundinna atvinnuleyfa vegna starfa sem krefjast sérfræðipekkingar hraðað

Eitt af nýmælum frumvarpsins er að lagt er til að tekin verði upp sérstakt tímabundið atvinnuleyfi vegna starfa sem krefjast sérþekkingar. Í frumvarpinu kemur fram að það sé mjög brýnt að komið sé til móts við þarfir íslensks atvinnulífs eftir starfsfólki í störf sem krefjast sérfræðipekkingar sem ekki er fánleg eða a.m.k. ekki auðfengin meðal þeirra sem þegar hafa aðgengi að innlendum vinnumarkaði. Skilyrði fyrir veitingu tímabundinna atvinnuleyfa vegna starfa sem krefjast sérfræðipekkingar er að sérfræðipekking viðkomandi útlendinga sé hlutaðeigandi fyrirtæki nauðsynleg. Miðað er við að Vinnumálastofnun verði heimilt að hraða afgreiðslu slíkra umsókna og jafnframt að stofnuninni verði m.a. heimilt að víkja frá vinnumarkaðssjónarmiðum þegar um er að ræða störf sem krefjast háskólamenntunar. Þá er gert ráð fyrir að stofnuninni verði jafnframt heimilt að víkja frá

vinnumarkaðssjónarmiði í öðrum tilvikum þegar um er að ræða þess konar sérfræðistörf að það sé fyrirsjáanlega árangurslaust að leita eftir starfsfólki á sameiginlegum vinnumarkaði Evrópska efnahagssvæðisins að mati stofnunarinnar enda um mjög sérhæfða þekkingu að ræða. Þá er lagt til að tímundið atvinnuleyfi vegna starfa sem krefjast sérfræðiþekkingar geta orðið grundvöllur óbundinna atvinnuleyfa.

Önnur nýmæli

Önnur nýmæli frumvarpsins eru eftirfarandi:

Lagt er til að teknar verði upp fleiri tegundir tímabundinna atvinnuleyfa þannig að ljóst sé á hvaða grundvelli viðkomandi einstaklingar starfa hér á landi.
Lagt er til að tímabundin atvinnuleyfi vegna skorts á vinnuafli á innlendum vinnumarkaði verði betur afmörkuð við tímabundnar sveiflur í atvinnulífnum.
Lagt er til að Vinnumálastofnun verði í ákveðnum tilvikum heimilt að veita atvinnuleyfi án þess að líta til vinnumarkaðssjónarmiða.
Lagðar eru til skýrari heimildir lögreglu til eftirlits með útlendingum á vinnustöðum.
Lagt er til að erlendum ríkisborgurum verði gert að hafa ávallt skilríki um atvinnuleyfi með sér og sýna þau krefjist lögregla þess.

Unnt er að nálgast frumvarpið í heild sinni á [heimasíðu Alþingis](#).

EG/janúar 2008